

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar. 7
30. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, dags. 24. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Miðneshreppi í Gullbringusýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður Miðneshrepps verði fluttur frá Nýlendu á Hvalsnesi til Sandgerðis kaupþúns, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGERÐ

8
7. janúar

um

þóknun til skoðunarmanna skipa og báta.

Samkvæmt lögum nr. 58, 14. júní 1929 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um þóknun fyrir skipa- og bátaskoðanir, framkvæmdar af hinum lögskipuðu skipaskoðunarmönnum.

1. gr.

Fyrir skoðun á skipi eða bát, ber útgerðarmanni að greiða skipaskoðunarmönnum gjald svo sem hér fer á eftir:

A. Fyrir skip sem ganga með vélaafli:

Minni en 12 rúmlestir	kr.	15.00
12—30	—	kr. 1.00 af rúmlest minnsta gjald — 20.00
30—50	—	— 0.90 — — — — — 30.00
50—100	—	— 0.85 — — — — — 45.00
100—200	—	— 0.80 — — — — — 85.00
200—500	—	— 0.70 — — — — — 160.00
500—1000	—	— 0.60 — — — — — 350.00
1000—2000	—	— 0.45 — — — — — 600.00
2000—4000	—	— 0.25 — — — — — 900.00
4000 og þar yfir	—	— 0.20 — — — — — 1000.00